

Fundir hjá félaginu

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnnum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum um ýmis mál. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum sem fram fór í september var m.a. farið yfir hlutverk trúnaðarráðs og hvernig kosið er í það. Ellen Sæmundsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra og Austurlandi, mætti á fundinn og sagði frá stöðunni hvað varðar atvinnuástand á svæðinu. Kjörnir voru 20 fulltrúar félagsins á 9 þing SGS. Þá var kosið í samninganefnd félagsins fyrir samningana 2024. Einnig voru kynntar tvær undirnefndir samninganefndar sem búið var áður að samþykkja í stjórn félagsins. Annars vegar vegna samnings við Heilsuvernd hjúkrunarheimili og hins vegar vegna samning við TDK Foil Iceland ehf. Þá var að lokum sagt frá því að fyrrum daginn hefði verið skrifað undir nýjan samning við sveitarfélögin og fjallað um kynningarfundir og atkvæðagreiðslu um hann.

Á seinni fundinum sem fram fór í febrúar var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2024-2025 og skilafrest lista. Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY, mætti á fundinn og kynnti m.a. hvað væri í boði varðandi nám og námskeið á næstunni hjá miðstöðinni og margt annað sem í boði er hjá þeim. Tryggni kynnti nýjar reglur hjá fræðslusjóðum félagsins, þ.e. Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hann fór líka yfir nýtt fyrirkomulag á trúnaðarmannanámskeiðum félagsins. Að lokum var rætt um Félagsmannasjóðinn.

Samninganefnd

Sex fundir voru haldnir í samninganefnd félagsins á starfsárinu. Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjarasamningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjarasamninga á milli starfstíma samninganefnda.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi á starfsárinu. Það verður að viðurkennast að mun erfiðara var að fá fólk til að gefa kost á sér í trúnaðarráð en undanfarin ár.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið.

Næsta haust mun við leggja þúður í að hvetja trúnaðarmenn til að bjóða okkur á vinnustaðafundi þar sem við munum kynna félagið, réttindi og skyldur og ná betri tengslum við félagsmennina okkar. Þessar heimsóknir hafa mikið til legið í dvala síðan fyrir Covid en nú er kominn tími á ný að bretta saman upp ermar og hittast á þeirra heimavelli. Þessar heimsóknir eru skipulagðar af trúnaðarmönnum og í samvinnu við þeirra yfirmenn.

Þing og ársfundir á starfsárinu

Í apríl 2023 fór fram framhaldsþing ASÍ, í maí var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 9. Þing ASÍ-UNG og í október fór fram 9. Þing SGS. Þá fóru fram rafrænar fulltrúaráðsfundir Stapa í desember 2023 og í apríl 2024. Eining-löjla átti þarna fulltrúa og má finna stutta umfjöllum um þingin og ársfund Stapa á aðalfundarvefnum.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráð Stapa er skv. samþykktum sjóðsins skipað aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á ársfundi sjóðsins. Ráðið skal kalla saman tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Seinni fundur ráðsins fyrir árið 2023 fór fram á rafrænan hátt 7. desember sl. þar sem Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa, fór yfir lykiltatriði úr rekstri sjóðsins á árinu 2023. Hann kynnti einnig fjárfestingarstefnu fyrir árið 2024.

Fyrri fundur ráðsins fyrir árið 2024 fór fram á rafrænan hátt 11. apríl sl. Þar var farið yfir lykiltölur úr afkomu, starfskjarastefnu sjóðsins, tillögur að samþykktar-breytingum og staðfesting tilnefninga í stjórn.

Næsti ársfundur Stapa fer fram 2. maí nk. í Hofi á Akureyri.

